




STÄLPÅSTÅ SKÖR



ÞJÓÐSKÓGARNIR
OPNIR ALLAN SÓLARHRINGINN
ALLA DAGA ÁRSINS



Aðalskrifstofa
Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
470 2000, skogur@skogur.is

Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá
Kjalarnesi, 116 Reykjavík
470 2050, mogilsa@skogur.is

Skrifstofur á Akureyri
Gömlu gróðrarstöðinni,
Krókeyri, 600 Akureyri
470 2012, akureyri@skogur.is

Skógarvörður á Austurlandi
Hallormsstað, 701 Egilsstaðir
470 2070, hallormsstadur@skogur.is

Skógarvörður á Suðurlandi
Gunnarsholti, 851 Hella
470 2080, sudurland@skogur.is

**Skógarvörður á Norðurlandi
Vöglum, 601 Akureyri
470 2060, vaglir@skogur.is**

Skógarvörður á Vesturlandi
Hvammi, 311 Borgarnes
470 2040, vesturland@skogur.is

Pau lönd sem skógrækt ríkisins hefur umsjón með fyrir hönd þjóðarinnar ganga undir heitinu þjóðskógarnir. Skógarnir eru opnir öllum, allan ársins hring, um allt land. Í marga er auðvelt að komast og ýmiss konar aðstaða fyrir hendi. Annars staðar þarf að hossa í öflugum jeppa eða ganga upp bratta hlíð í ósnortinn skóg. Á kortinu hér að neðan má sjá fjölsóttustu skógana.



Við stíga í þjóðskógunum er að finna staura með símanúmerum. Þegar gengið er fram á slíkan staur er upplagt að taka upp símann, hringja í númerið sem gefið er upp á staurnum og hlusta á skemmtilega fróðleiksmola um skógin lesna fyrir sig. Hver lestur er um 2 til 5 mínútur að lengd og gjaldið er það sama og í venjuleg símanúmer.



STÁLPASTAÐA SKÓGUR

Um þennan vinsæla, hliðótta skóg liggja göngustigar með um þrjátíu merktum trjáteigundum frá sjöttu stöðum á jörðinni. Áningarborð eru á nokkrum stöðum.

STADÆTNING OG AÆGENGI

Stálpastaðaskógur er í norðanverðum Skorradal, svo til fyrir miðju Skorradalsvatns.

SAGA JARÐARINNAR

Stálpastaðaskógur er á samnefndri 345 ha eyðijörð í Skorradal. Hún hefur verið í eigu Skógræktar ríkisins frá 1951 þegar Haukur Thors og kona hans ánöfnuðu Skógræktinni landið og var skógurinn þá friðaður. Árið 1971 var reist minnismerki um gjöf þeirra. Minnismerkið stendur miðsvæðis á Stálpastöðum, rétt við þjóðveginn. Sagt er að jörðin hafi aldrei hentað vel undir hefðbundinn búskap, þar sem hún er meira og minna ein brekka, en öðru máli gegnir um skógræktina.

TRJÁRÆKT Í SKÓGINUM

jörðin var fyrir kjarri vaxin en mikið hefur verið gróðursett á henni frá sjötta áratug síðustu aldar. Byrjað var á því að grísa kjarrið sem fyrir var í landinu og gróðursetja í það, stærstu hríslurnar voru látnar standa og mynduðu þær skjól fyrir nýju plönturnar. Frá árinu 1952 hafa verið gróðursettar á Stálpastöðum rúmlega 600.000 plöntur af 28 tegundum frá 70 stöðum úr veröldinni á rúmlega 100 ha lands. Nokkrir einstaklingar hafa í gegnum tíðina gefið fé til uppbyggingar á Stálpastöðum. Hafa þessar gjafir oft skipt miklu um framkvæmdargetu Skógræktarinnar. Árið 1952 gáfu hjónin Ingibjörg og Þorsteinn Kjarval peningaupphæð sem varið var til gróðursetningar. Um 1955 gaf Ludvig G. Braathen, stór-útgerðarmaður í Ósló, í nokkur ár skógræktinni fé sem notað var til gróðursetningar. Einnig má nefna gjöf sem nemendur Bændaskólans á Hvanneyri gáfu til minningar um skólastjóra sinn, Halldór Vilhjálmsson. Þau svæði sem gróðursett hefur verið í fyrir þessar gjafir hafa verið nefnd eftir gefendunum. Á Stálpastöðum má því í dag finna; Kjarvalslund, Braathenslund og Halldórslund. Þá hafa stórfyrirtæki styrkt einstaka verkþætti, ýmist með peninga- eða vinnuframlagi. Nú eru a.m.k. 30 trjátegundir á jörðinni, að mestu rauðgreni og sitkagreni. Úr skóginum koma mörg stærstu jólatorgtré landsins. Áhersla var frá upphafi á að gróðursetja sitkagreni og er nú á Stálpastöðum mesti skógur þeirrar tegundar á landinu, þótt á sl. tíu árum hafi sitkagreni verið gróðursett í stærri svæði annars staðar.

Stálpastaðaskógur er fyrst og fremst dæmigerður timburskógur og hefur mikið fræðslugildi um ýmis atriði varðandi timburframleiðslu úr sitkagreni hér á landi.

ANNAÐ ÁHUGAVERT

Stálpastaðaskógur er og verður mikilvægur vettvangur rannsókna og fræðslu. Tengist það ekki síst nálægð hans við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, þar sem háskólanám í skógfræði er nýlega hafið. Má þar nefna rannsóknaverkefnið Skógvíst sem gengur út á að skilgreina áhrif nýskógræktar á vistkerfi.



Skógrækt ríkisins sinnir ráðgjöf, rannsóknum, fræðslu, verndun og þróun á sviði skógræktar á Íslandi, ásamt almennri umhirðu þjóðskóganna. Aðalskrifstofa Skógræktar ríkisins er á Egilsstöðum en stofnunin er með starfsemi í öllum landshlutum. Á Mógilsá í Kollafirði er rekin rannsóknastöð skógræktar og skógarverðir eru staðsettir á Hallormsstað, Vöglum í Fnjóskadal, í Gunnarsholti og í Hvammi í Skorradal.

STÁLPASTAÐA SKÓGUR



GÖNGULEIÐIR Í SKÓGINUM

Vegna þess hvernig landið liggur á Stálpastöðum er víða nokkuð bratt á gönguleiðum en tröppur eru á erfiðustu stöðunum.



TRJÁSAFN (blá leið) - 800 m
Skemmtilegur lítill hringur með fjölda trjategunda og hlykk niður að fjöru. Gengið er um trjásafn með mörgum trjategundum og borð og bekkur er í skemmtilegum marþallarreit, sannkölluðum ævintýraheimi fyrir börn og fullorðna. Hluti leiðarinnar liggur niður við vatnið.



UPP Á FJALL (ljósgræn leið) – 1 km
Erfið og nokkuð krefjandi leið. Mjög brött á köflum og ekki fyrir þá sem eiga erfitt með gang. Val er um tvær mismunandi leiðir upp en útsýni er frábært, sama hvor leiðin er valin.



GAMLI BÆRINN (gul leið) - 1,2 km
Lítill og skemmtilegur hringur. Mesti brattinn er í upphafi leiðar. Á leiðinni má sjá margar ólíkar trjategundir, m.a. stórt greni. Gaman er að skoða gömlu bæjarrústirnar en gæta þarf fyllstu varúðar. Við bæinn er borð og bekkur.



HALLDÓRSLEIÐ (græn leið) - 1,2 km
Skemmtileg leið en brött á köflum. Gengið er um skóga sem gróðursettir voru fyrir gjafafé sem nemendur frá Hvanneyri gáfu til minningar um Halldór Vilhjálmsson, skólástjóra.



KJARVALSLEIÐ (blá leið) - 800 m
Þessi leið er töluvert brött á köflum. Gengið er um skóga sem gróðursettir voru fyrir gjafafé hjónanna Ingibjargar og Þorsteins Kjarval.



GÚSTALEIÐ (appelsínugul leið) - 2 km
Leiðin er nokkuð brött á köflum. Margar sjaldgæfar og spennandi tegundir eru í trjásafninu auk tegundanna í reitunum sem farið er um, m.a. elsta stafafura á Íslandi. Skemmtileg leið fyrir skógræktar- og trjáræktaráhugafólk.



BRAATHENSLEIÐ (rauð leið) - 1,5 km
Leiðin liggur um skóga sem gróðursettir voru fyrir gjafafé frá stórútgerðarmanninum Ludvig G. Braathen í Ósló. Ýmsar trjategundir eru á leiðinni auk útsýnis og fallegs gils. Leiðin býður uppá nokkurn fjölbreytileika í landslagi og upplifun og á henni er m.a. að finna gil og gott útsýni yfir dalinn.

Göngum vel um viðkvæma náttúru
Verið velkomin í Stálpastaðaskóg!